

## Ályktun 47. þings BSRB um að brúa umönnunarbilið

Eitt megininkenni norræna velferðarmódelisins er ríkur stuðningur við jafnrétti kynjanna í bæði fjölskyldu- og jafnréttisstefnu. Hluti þess er að tryggja aðgengi og þátttöku beggja foreldra á vinnumarkaði og jafna ábyrgð foreldra á umönnun barna sinna. Ýmsar stjórnvaldsaðgerðir á sviði jafnréttismála eða skortur á þeim, hafa verið gagnrýndar fyrir að þær festi í sessi staðalmyndir um umönnunarlutverk kvenna sem dregur úr möguleikum þeirra til að vera fjárhagslega sjálfstæðar og þar með raunverulegu frelsi þeirra. Þannig ríkja enn úreltar hugmyndir um að móðirin sé í aðalhlutverki við umönnun barna og heimilis en faðirinn í hlutverki fyrirvinnu og í aukahlutverki þegar kemur að umönnun barna sinna.

Ólíkt hinum Norðurlöndunum hefur Ísland ekki tryggt samfellu í stuðningi við barnafjölskyldur þar sem umönnunarbilið svokallaða er enn óbrúað, bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Innan við 10% barna fær leikskólaláss við 12 mánaða aldur og yfir helmingur þeirra er orðinn meira en 18 mánaða við upphaf leikskólavalar.

Reynslan af nýju fæðingarorlofskerfi sýnir að konur taka rúma 7 mánuði í fæðingarorlof en karlar um 4. Eftir það þarf að brúa bilið fram að leikskóla og eru mæður mun líklegri til að lengja fæðingarorlof sitt eða minnka við sig vinnu en feður. Barneignir leiða til þess að konur eru mun lengur frá vinnumarkaði en karlar og við erum enn órafjarri frá markmiði um að tryggja jafna ábyrgð foreldra á umönnun barna sinna og að börn fái jafnmikla samvist með báðum foreldrum. Samkvæmt nýlegri rannsókn Fjármálaráðuneytisins lækka tekjur mæðra um 30-50% á fæðingarári barns og eru enn 20% lægri tveimur árum eftir fæðingu. Tekjur feðra lækka hins vegar aðeins um 3-5% við fæðingu og á öðru ári eru þær orðnar þær sömu og áður.

47. þing BSRB gerir þá kröfu á stjórnvöld að lögfesta rétt barna til öruggar dagvistunar af hálfu hins opinbera strax að loknu fæðingarorlofi foreldra og útrýma þannig mismunandi stuðningi við barnafjölskyldur milli sveitarfélaga. Fjárfesta þarf í leikskólakerfinu þannig að leikskólalássum fjölgi og húsnæði, með tilliti til rýmis, öryggis og hljóðvistar, sé fullnægjandi bæði fyrir börn og starfsfólk. Þá þarf að tryggja góðar starfsaðstæður starfsfólks og hækka laun þeirra, líkt og þarf að gera með allar kvennastéttir í almannajónustu. 47. þing BSRB hafnar illa ígrunduðum tilraunum til að leysa vandann sem ýmis sveitarfélög hafa gripið til, svo sem að stytta dvalartíma barna, fjölga lokunardögum, hækka gjaldskrár eða taka upp heimgreiðslur.